

## **Festi hf.: Niðurstöður aðalfundar 22. mars 2023**

Aðalfundur Festi hf. var haldinn miðvikudaginn 22. mars 2023 klukkan 10:00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Á fundinum fór fram stjórnarkjör og eftirfarandi tillögur voru samþykktar.

### **Samþykktar tillögur:**

1. Fundurinn samþykkti ársreikning fyrir árið 2022.
2. Ákvörðun var tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2022 sem hér segir:

„Stjórn leggur til við aðalfund að arður verði greiddur til hluthafa að fjárhæð kr. 913.500.000 vegna rekstrarársins 2022 eða kr. 3,0 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í félaginu. Arðurinn verði greiddur til hluthafa þann 12. apríl 2023. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 21. mars 2023 og arðleysisdagur er því 22. mars 2023. Arðsréttindadagur er 23. mars 2023, sem þýðir að arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá Festi hf. hjá Verðbréfaskráningu Íslands í lok dags 23. mars 2023.“

3. Samþykkt var breyting á 5. mgr. 17. gr. samþykpta félagsins þar sem framboðsfrestur til stjórnar var lengdur í 10 daga. Orðast málsgreinin eftirleiðis svohljóðandi:

„Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, eða aukafundar þegar stjórnarkjör er þar á dagskrá. Þeir einir eru kjörgengir í stjórnarkjör á hluthafafundi sem þannig gefa kost á sér.“

4. Tillögur tilnefningarnefndar að breyttum starfsreglum nefndarinnar voru samþykktar.

Um breytingarnar er vísað til skýrslu tilnefningarnefndar og tillöguskjals fyrir fundinn sem aðgengilegt er á vefsíðu félagsins, <https://www.festi.is/cc/adalfundur-2023>.

5. Tillaga um viðbótarþóknun kjörinna nefndarmanna í tilnefningarnefnd vegna starfsársins 2022 – 2023 var samþykkt, en hún var svohljóðandi:

„Greidd verði þóknun til óháðu nefndarmannanna í tilnefningarnefnd Festi hf. vegna síðasta starfsárs, sem nemi 75% álagi m.v. þegar ákveðna þóknun og komi til greiðslu að loknum aðalfundi.“

6. Tillaga stjórnar um að skipa Sigrúnu Rögnu Ólafsdóttur og Tryggva Pálsson í tilnefningarnefnd var samþykkt.
7. Deloitte ehf. var kosið endurskoðunarfirma félagsins fyrir árið 2023.
8. Ákvörðun var tekin um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar sem hér segir:

Stjórnarformaður fái kr. 820.000 á mánuði, varaformaður stjórnar kr. 615.000 á mánuði og aðrir stjórnarmenn kr. 410.000 á mánuði.

Fulltrúar í starfskjaranefnd fái kr. 65.000 á mánuði og formaður starfskjaranefndar kr. 120.000 á mánuði.

Fulltrúar í endurskoðunarnefnd fái kr. 100.000 á mánuði og formaður endurskoðunarnefndar kr. 200.000 á mánuði.

Formaður í tilnefningarnefnd fái kr. 160.000 á mánuði en aðrir nefndarmenn kr. 125.000 á mánuði. Eigi stjórnarmaður sæti í nefndinni skal þóknun hans vera kr. 80.000 á mánuði.

9. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins var samþykkt.

Starfskjarastefna félagsins er óbreytt frá fyrra ári.

10. Eftirfarandi tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum var samþykkt sem og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins:

„Aðalfundur Festi hf. haldinn 22. mars 2023 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi félagsins 2024. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimild þessarar.“

11. Tillaga Gildis-lífeyrissjóðs til ályktunar varðandi endurskoðun á starfsreglum tilnefningarnefndar fyrir næsta aðalfund félagsins var samþykkt.

Tillöguna og greinargerð með henni er unnt að nálgast á heimasíðu félagsins, <https://www.festi.is/cc/adalfundur-2023>

Þá fór fram stjórnarkjör á fundinum og voru eftirtalin í framboði: Guðjón Reynisson, Hjörleifur Pálsson, Magnús Júlíusson, Margrét Guðmundsdóttir og Sigurlína Ingvarsdóttir. Voru þau sjálfkjörin á fundinum og skipa því stjórn Festi hf. til næsta aðalfundar. Stjórn hefur skipt með sér verkum og er óbreytt að Guðjón Reynisson er formaður stjórnar og Sigurlína Ingvarsdóttir varaformaður stjórnar.

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri Festi – [asta@festi.is](mailto:asta@festi.is) eða Magnús Kr. Ingason, fjármálastjóri Festi – [mki@festi.is](mailto:mki@festi.is)